

Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjálín,
skipulagsfulltrúi
Hlíðavegi 6
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. júní 2013
Tilvísun: UST20130500124/bs


Deiliskipulag Kröfluvirkjunar-Umsögn

Vísað er til bréfs Skútustaðahrepps dags. 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Umhverfisstofnun telur jákvætt hversu mikil áhersla er lögð í umræddri tillögu á góðan yfirborðsfrágang á vegum og borplönnum. Einnig er jákvætt að ráðgert er að leggja aðkomuvegi að "nýjum" svæðum þannig að auðvelt verði að fjarlægja þá ef svæði reynast ekki eins gjöful og gert er ráð fyrir. Stofnunin telur að einungis eigi að grafa niður lagnir þar sem jarðvegur er þess eðlis að unnt verði að koma lögnum fyrir og fjarlægja þær án þess að valda óafturkræfu raski á yfirborði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag. Beðist er velvirðingar á því að ekki reyndist unnt að svara þessu erindi fyrr en nú.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Sigríður Kristjánsdóttir